



Leigusamningur

Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, (hér eftir einnig nefnt „sveitarfélagið“ eða „leigusali“) annars vegar, og Rauðukambar ehf., kt. 510816-0640, (hér eftir einnig nefnt „félagið“ eða „leigutaki“), hins vegar gera með sér svohljóðandi leigusamning.

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er annars vegar lóðin **Hólaskógur 1, landnr. L232239 og fasteignanr. F251-7374**, sem staðsett er á þjóðlendu sem nefnist Gnúpverjafréttur. Lóðin er hnitsett samkvæmt deiliskipulagi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar sveitarfélagsins þann 3. október 2018, sbr. fylgiskjal nr. 1 með samningi þessum. Lóðin er 15.000 m² að stærð.

INNFÆRT

11. MAR. 2022



Hið leigða er hins vegar **268,6 fm fjallaskáli í eigu Skeiða- og Gnúpverjahrepps**, staðsettur á framangreindri lóð í **Hólaskógi**. Fjallaskálinn er byggður úr timbri, á tveimur hæðum með verönd að framan. Efri hæð telur m.a. eldunaraðstöðu þar sem er vaskur og eldavél, svefnpokapláss í tveimur stórum rýmum, í hvoru rými eru níu kojur ca 90 cm. breiðar og flatsæng fyrir 14 manns, salerni og rúmgott herbergi t.d. fyrir staðarhaldara. Loft og veggir eru panelklæddir, timburgólf með spónarplötum er á milli hæða, timburstigi er milli hæða. Neðri hæð er panelklædd og gólf flísalögð. Á neðri hæð er forstofa m/hengi, ræstikompa, stór og rúmgóður salur sem er í senn borðsalur og gistirými þar er svefnpokapláss og borðkrókur m/borðum og stólum fyrir um 24 manns. Eldhús er ágætlega búið og er þar m.a. eldavél. Salerni fyrir karla og konur, tvær sturtur. Salerni og sturtur eru flísalögð í hólf og gólf. 380 lítra hitakútur, rafmagnskynding. Samtals gistiþláss fyrir 55 manns.

Á lóðinni verður félaginu, í samræmi við samþykkt deiliskipulag og mögulegar breytingar á því, að fengnum tilskildum leyfum, heimilt að byggja upp og reka atvinnustarfsemi tengda ferðaþjónustu í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Skjal nr. 955

2. gr.

MEÐFERÐ HINS LEIGÐA

a) Hið leigða húsnæði er notað fyrir gisti og ferðaþjónustuaðstöðu.

A 11. MAR. 2022

Stimpilgi. kr. _____
Þingl. gjald kr. 2.500.-

b) Leigutaki skuldbindur sig til að fara vel með hið leigða húsnæði og skila því að leigutíma loknum í ekki lakara ástandi og það var við upphaf hans, að því undanskildu sem leiða kann af eðlilegu sliti við notkun.

c) Leigutaka er skylt að annast allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald húsnæðisins að innan, þ.m.t. viðgerðir á vatnskrönum, rúðum, salernum, rofum og ljósum, tilfærslur á leiðslum, loftræstibúnaði, úðunarkerfi og öðrum slökkvi- og eldvarnarbúnaði í húsnæðinu. Leigutaki skuldbindur sig til að hlíta fyrirmælum eldvarnareftirlits um eldvarnir með tilliti

WOLLS
Svein

til reksturs leigutaka og einnig heilbrigðis- og vinnueftirlits og bera kostnað af slíkum kröfum að því marki sem þær varða starfsemi hans en eru ekki almenns eðlis. Hann skal jafnframt svo fljótt sem verða má bæta það tjón sem starfsmenn hans eða viðskiptamenn kunna að valda á fasteigninni.

- d) Endurbætur eða viðbætur við hið leigða verður eign leigusala að leigutíma loknum, sbr. þó 5. mgr. 4. gr. þessa samnings. Hið sama gildir um naglfastar innréttingar og búnað, sem leigutaki kann að koma upp í húsnæðinu og hafa verið skeytt við húsið með þeim hætti að brottnám þeirra myndi leiða til skemmda á húsnæðinu, sem ekki verða lagfærðar þannig að húsið verði í sambærilegu ástandi og það var í er leigutaki tók við því eða ef brottnám þess skerðir eðlilega notkun þess, svo sem loftræstibúnaður.
- e) Leigutaka er óheimilt að framkvæma breytingar eða endurbætur á hinu leigða, umfram það sem leiðir af viðhaldi skv. c. lið þessarar greinar, nema að höfðu samráði við leigusala.
- f) Leigutaki hefur lýst áhuga á að þróa svæðið í Hólaskógi sem sterka heild sem gæti mætt fjölbreyttum óskum ferðalanga um mismunandi veitinga- og gistiþjónustu og samþykkti sveitarfélagið að ganga til viðræðna við leigutaka á þeim grundvelli. Felur það í sér að leigutaka er heimilt að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi hinnar leigðu lóðar í samræmi við möguleg uppbyggingaráform leigutaka á lóðinni. Sú vinna mun óhjákvæmlega taka tíma.

Fram til þess að nýtt deiliskipulag tæki mögulega gildi og eftir þann tíma hefur leigutaki hins vegar áhuga á því að vinna að breytingum, endurbótum og viðbótum við hið leigða húsnæði til að styrkja rekstur þess og auka nýtingarmöguleika að fengnu samþykki leigusala.

- g) Leigutaki skal tryggja að hluti fjallaskálans ásamt þeirri aðstöðu utan dyra sem nauðsynleg er fyrir gangamenn þá daga sem þeir þurfa að gista í Hólaskógi í tengslum við göngur og eftirleit á hverju hausti, standi gangnamönnum til reiðu án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Leigusali skal upplýsa leigutaka um fjölda gesta og hvaða daga um ræðir til þessara nota með allt að tíu mánaða fyrirvara.
- h) Leigutaki skal á hverju ári kappkosta að bjóða þeim ferðaþjónustuaðilum búsettum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem gera út á hestaferðir afnot af hinni leigðu eign gegn eðlilegu endurgjaldi og á armslengdargrunni. Leigutaki mun kappkosta að viðkomandi aðilum verði tryggt hentug aðstaða til gistingar á svæðinu.
- i) Leigutaki hefur kynnt sér ástand eignarinnar og gerir ekki athugasemdir við það.

Handwritten signature and initials in blue ink, including the number 2.

3. gr. Leigutíminn

Leigusamningurinn gildir frá 1. mars 2021 og er til 5 ára.

Um leið og deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið hefur verið lokið, og mótaðri hugmyndir um svæðið liggja fyrir skal gera nýjan leigusamning um lóðina, Hólaskógur 1, og áframhaldandi leigu eða afnot leigutaka af fjallaskálanum. Skal hinn nýji leigusamningur verða tímabundinn og skal gilda í 40 ár frá undirskrift samningsins og lýkur án uppsagnar eftir þann tíma. Skal sá samningur þá koma í stað þessa leigusamnings sem fellur þá jafnframt úr gildi. Aðilar eru sammála um að hinn nýi leigusamningur skuli m.a. hafa að geyma ákvæði sem verði efnislega samhljóða ákvæðum 4. gr. þessa leigusamnings.

Leigusamningur þessi er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara komi til vanefnda samningsaðila og ekki er úr þeim bætt innan þrjátíu daga frá því að tilkynnt er um vanefndir.

Við lok leigutímans skal leigutaki skila leigusala hinu leigða og færist við það eignarréttur að öllum jarðföstum mannvirkjum og föstum búnaði sem er nauðsynlegur og eðlilegur hluti af rekstri þeirra til leigusala eða eftir atvikum nýs leigutaka lóðar. Í tæka tíð áður en leigutíma lýkur og ekki síðar en við lok hans mun hið leigða verða auglýst aftur til leigu á almennum markaði nema sveitarfélagið eða íslenska ríkið ákveði annað. Eftirfarandi ákvæði (4. gr.), um innlausn mannvirkja og búnaðar, eiga að tryggja að leigutaki fái hæfilegar bætur vegna kostnaðar við endurbætur á lóðunum annars vegar og vegna uppbyggingar á jarðföstum mannvirkjum og föstum búnaði hins vegar þannig að ekki myndist hvati til að vanrækja viðhald lóðanna og mannvirkja.

4. gr.

Innlausn mannvirkja og búnaðar o.fl. í lok leigutímans

Ef sveitarfélagið eða íslenska ríkið ákveða að auglýsa lóðina og fjallaskálann að nýju til leigu við lok leigutíma skal kveðið á um innlausnarskyldu nýs leigutaka á mannvirkjum og föstum búnaði nema sveitarfélagið eða íslenska ríkið ákveði sjálf að leysa til sín mannvirki og fastan búnað. Sé lóðin og fjallaskálinn auglýstur til áframhaldandi atvinnurekstrar, sambærilegs þeim sem leigutaki hefur staðið fyrir á lóðinni á gildistíma leigusamnings þessa, skal jafnframt kveðið á um innlausnarskyldu nýs leigutaka á verðmæti rekstrar. Sama innlausnarskylda hvílir á sveitarfélaginu eða íslenska ríkinu ákveði annað hvort þeirra, án auglýsingar, að nýta sjálf lóð og mannvirki til sambærilegs rekstrar og þess sem leigutaki hefur staðið fyrir á lóðinni á gildistíma leigusamnings þessa.

Ef sveitarfélagið ákveður að auglýsa lóðina og fjallaskálann ekki aftur til útleigu hvílir innlausnarskylda á mannvirkjum og búnaði á sveitarfélaginu.

Ef íslenska ríkið ákveður að ekki skuli auglýsa lóðina að nýju til útleigu hvílir innlausnarskylda á mannvirkjum og búnaði á íslenska ríkinu.

3
MS
SMT

Ef ákveðið er að auglýsa lóðina til leigu að nýju eftir lok leigutíma og enginn sækir um hana (ekki heldur leigutaki) ber leigutaki hallann af því. Fellur þá lóðin ásamt öllum mannvirkjum og föstum búnaði til sveitarfélagsins án nokkurra greiðslna og engin innlausnarskylda hvílir þá á sveitarfélaginu eða íslenska ríkinu. Eignarréttur á mannvirkjum og föstum búnaði sem á leigulóðinni standa færast þá til sveitarfélagsins án endurgjalds. Ef kemur til innlausnar á mannvirkjum og föstum búnaði leigutaka á lóðinni skulu aðilar fyrst reyna að koma sér saman um verð. Ella skal verðmæti mannvirkja og fasts búnaðar ákveðið með mati dómkvaddra matsmanna sem dómkvaddir eru í samræmi við ákvæði laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 með síðari breytingum. Í undirmati skulu vera tveir matsmenn. Aðilar geta óskað yfirmats. Lóðarréttindin sem slík skulu ekki metin til verðs við lok leigutíma, en mat einkum miðað við að leigutaki fái bættan beinan og sannanlegan kostnað sem hann hefur lagt í vegna forsvaranlegrar og eðlilegrar uppbyggingar á lóðum, mannvirkjum og föstum búnaði á leigutíma, framreiknað til núvirðis þegar innlausn á sér stað, að teknu tilliti til afskrifta. Verð skal þó aldrei vera hærra en sem nemur markaðsvirði á almennum markaði.

Verði leigusamningi þessum sagt upp, eða ef ekki er samið um áframhaldandi leigu leigutaka að leigutíma loknum þannig að komi til innlausnar samkvæmt framangreindu og lóð, fjallaskálinn og eftir atvikum önnur mannvirki og fastur búnaður þeim tengd verða nýtt til áframhaldandi atvinnurekstrar, sambærilegs þeim sem leigutaki hefur staðið fyrir á lóðinni á gildistíma samnings þessa, skal leigutaka, af hálfu leigusala, bættar endurbætur og viðbætur við hið leigða sem hann hefur ráðist í og aukið hafa verðmæti þess og jafnframt bætt verðmæti rekstrarins af hálfu þess sem innlausnarskyldan hvílir á. Verðmæti rekstrar skal metið samkvæmt aðferð frjáls sjóðstreymis (DCF) með hliðsjón af rauntölum síðustu þriggja rekstrarára ásamt spá um framtíðarsjóðsstreymi þar sem m.a. er tekið mið af þróun sjóðstreymis yfir rekstrartímabilið. Viðskiptavild tengd vörumerki skal ekki metin til verðs, enda fylgi vörumerkið ekki með við innlausnina, nema aðilar komi sér saman um annað. Skulu aðilar fyrst reyna að koma sér saman um verð en ella skal það ákvarðað með mati dómkvaddra matsmanna sem dómkvaddir eru í samræmi við ákvæði laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991 með síðari breytingum. Í undirmati skulu vera tveir matsmenn. Aðilar geta óskað yfirmats.

Kostnaði af störfum matsmanna skal skipt jafnt milli aðila.

Samningaviðræður um innlausnarverð skulu hefjast eigi síðar en fimm árum áður en leigutími skv. leigusamningi þessum rennur út. Náist ekki samningar um innlausnarverð skal ekki seinna en þegar tvö ár eru eftir af samningnum dómkveðja matsmenn til að meta sanngjarnt innlausnarverð án tillits til lóðarréttinda. Innlausnarverð skal liggja fyrir áður en lóðirnar eru auglýstar að nýju til leigu.

5. gr.

Leiguverð

Leiga fyrir lóðina skal vera **300.000 kr. ***þrjúhundruðþúsund krónur*** á ári.**

Leigan tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar með grunni í mars 2021, 153,1 stig. Gjaldtagi lóðarleigu skal vera 15. janúar ár hvert fyrir það ár sem í

4
NONS
SMB

hönd fer. Við gildistöku samningsins skal greidd hlutfallsleg leiga m.t.t. til heilla almanaksmánaða sem eftir eru af því ári.

Leigugjald fyrir fjallaskálann er **300.000 kr. ***þrjúhundruðþúsund krónur***** á mánuði og greiðist leigan mánaðarlega fyrirfram. Leigugjald reiknast frá 1. mars 2021. Leigugjaldið skal fylgja breytingum á vísitölu neysliverðs, miðað við grunnvísitölu í mars 2021, 495,8 stig. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu af völdum Covid-19 skal veittur 50% afsláttur af leiguverði á fjallaskálanum til 1. júní 2022 og verður leigan þá 150.000 kr. á mánuði fram að þeim tíma. Sú fjárhæð skal fylgja breytingum á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu í mars 2021, 495,8 stig.

Ár hvert skal veittur 50% afsláttur af leigugjaldi vegna fjallaskálans fyrir september mánuð vegna notkunar fjallmanna af fjallaskálnum.

Leigan að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt þessari grein skal greidd beint til leigusala eða inn á bankareikning sem hann vísar til.

Lögtaksréttur hvílir á lóð og fasteignum á þeim vegna ógreiddrar lóðarleigu sbr. ákvæði laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttarnr. 29 frá 1885.

Báðir aðilar að leigusamningi þessum geta óskað eftir endurskoðun á leiguverðinu á 5 (fimm) ára fresti. Skulu aðilar fyrst reyna að koma sér saman um endurskoðað leiguverð en takist það ekki skulu dómkvaddir tveir matsmenn til að meta sanngjarnt leiguverð. Kostnaður af störfum matsmanna skal greiddur að jöfnu af aðilum.

6. gr.

REKSTRARKOSTNAÐUR

Leigutaki greiðir allan rekstrarkostnað á meðan leigutíma stendur þar með taldar tryggingar á starfsfólki, vélum og tækjum, hita og rafmagn. Leigusali greiðir lögbundnar tryggingar af fasteign sinni og fasteignagjöld.

7. gr.

TRYGGINGAR

Lögð er fram trygging leigusala sem nemur tveggja mánaða leigu fyrir fjallaskálann eða 600.000 kr.

8. gr.

ÖNNUR ÁKVÆÐI

Leigutaki og leigusali útbúi lista yfir ástand hússins og þess búnaðar og lausafjár er leigður mun verða með húsinu.

5
Mads
S.M.

Leigutaka er óheimilt að framleigja hið leigða húsnæði eða aðstöðu nema með samþykki leigusala.

Um er að ræða leigu á atvinnuhúsnæði. Ef vanskil verða á leigu sem nemur 45 dögum fram yfir eindaga er leigusala heimilt að rifta samningnum með einhliða yfirlýsingu án nokkurrar viðvörunar og er leigutaka skylt að rýma húsnæðið innan 15 daga frá því að honum berst slík yfirlýsing um riftun. Að þessu leyti gilda ekki almenn ákvæði í húsaleigulögum um riftun leigumála.

Leigutaka er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leigusamningnum án samþykkis sveitarfélagsins og íslenska ríkisins. Þó er leigutaka heimilt að framselja réttindi sín samkvæmt leigusamningnum, að hluta eða öllu leyti, til aðila sem tilheyra sömu félagasamstæðu og leigutaki (dóttur-, hlutdeildar-, systur- eða móðurfélags) án samþykkis sveitarfélagsins, enda skuldbindi hinn nýi aðili sig til að uppfylla ákvæði leigusamningsins.

Óheimilt er að leigja eignirnar til annarrar starfsemi en að framan greinir.

9. gr. Vanefndir

Brjótí leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings og bæti ekki úr innan hæfilegs frests, þá er leiguréttur hans til lóðarinnar og fjallaskálans fallinn úr gildi og lóðin og fjallaskálinn fallin aftur til sveitarfélagsins og íslenska ríkisins.

Verði vanefndir á greiðslu umsamins leiguverðs, skv. 5. gr. samnings þessa, er sveitarfélaginu heimilt að rifta leigusamningi þessum án viðvörunar, sbr. þó 3. mgr. 8. gr..

Verði samningi þessum rift af sveitarfélaginu á byggingartíma mannvirkja á lóðinni, vegna vanefnda leigutaka, skal sveitarfélagið greiða félaginu sannanlega áfallinn beinan kostnað, auk sanngjarns fjármagnskostnaðar, vegna framkvæmda á lóðinni, enda sé kostnaðurinn ekki verulega hár miðað við markaðsvirði framkvæmdanna enda nýtist framkvæmdirnar sveitarfélaginu. Ekki skal greitt fyrir lóðarréttindi eða verðmæti rekstrar. Heimilt er sveitarfélaginu og íslenska ríkinu að yfirtaka samninga við verktaka og birgja félagsins vegna framkvæmdanna.

Verði samningi þessum rift af sveitarfélaginu eftir að rekstur er hafinn, skulu verðmæti eigna metin í samræmi við innlausnarverð skv. 4. gr. samnings þessa. Draga skal frá allan kostnað sveitarfélagsins við riftunina. Heimilt er sveitarfélaginu og íslenska ríkinu að yfirtaka samninga við verktaka og byrgja félagsins.



10. gr.

Önnur ákvæði

Sveitarfélaginu eða íslenska ríkinu, sem eiganda landsins, er heimilt að leggja um lóðina lagnir, vegi og stíga, án bótaskyldu, vegna almannahagsmuna enda hafi slík skerðing ekki áhrif á starfsemi félagsins og ekki veruleg áhrif á afnot félagsins af lóðunum.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða lögð verða á hina leigðu lóð. Þá skal leigutaki bera ábyrgð á og kostnað af fráveitukerfum og hirðingu sorps.

Fyrir afnot af heitu og köldu vatni sem fyrirfinnst og unnt er að afla á svæðinu eða nærri því og leigutaki þarfnast í rekstri sínum skal leigutaki greiða í ríkissjóð, skv. nánari samningi við forsætisráðuneytið, sbr. heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Þá skal í samningi milli leigutaka og forsætisráðuneytisins kveða á um að félagið beri ábyrgð á og kostnað af því að afla sér vatns og rafmagns eftir þörfum. Er leigutaka heimilt að bora fyrir heitu og köldu vatni á svæðinu eða nærri því, að fengnu samþykki forsætisráðuneytis ef notin eru innan þjóðlendunnar en eiganda/umráðahafa réttindanna ef notin eru utan þjóðlendunnar, framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins og annarra nauðsynlegra leyfa skv. lögum.

Leigutaka verður heimilt að veðsetja rétt sinn í heild, ásamt fasteignum þeim og mannvirkjum öllum sem leigutaki reisir á hinni leigðu lóð. Réttur veðhafa til veðsins helst óskertur þó leigutaki brjóti skuldbindingar þær sem það hefur undirgengist gagnvart sveitarfélaginu með leigusamningnum.

Leigutaki skuldbindur sig til að fylgja tímaáætlun sem félagið hefur lagt fram, skv. fylgiskjali 3 með samningi þessum, og að hefja atvinnurekstur á svæðinu eigi síðar en 2022. Það telst veruleg vanefnd á leigusamningi þessum sem veitir sveitarfélaginu heimild til riftunar á leigusamningnum án viðvörunar, standi leigutaki ekki við það og/eða tímaáætlun sína af ástæðum sem einungis verða raktar til leigutaka.

Leigutaka er kunnugt um að hin leigða lóð eru innan þjóðlendu sem nefnist Gnúpverjafréttur. Í samræmi við ákvæði 1. másl. 3. mgr. 3. gr., sbr. einnig 4. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58 frá 1998, er sveitarfélagið leigusali vegna hinnar fyrirhuguðu nýtingar lands og landsréttinda innan þjóðlendunnar Gnúpverjafréttar. Leigusamningur þessi um leigu á lóðinni og fjallaskála við Hólaskóg, landnr. L232359, og fasteignanr. F251-7374, er auk þess háð samþykki forsætisráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, skv. 3. mgr. 3. gr., sbr. einnig 4. mgr. 3. gr. fyrrnefndra laga, enda er íslenska ríkið, skv. 2. gr. sömu laga, eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Samningsaðilar eru upplýstir um að þessi skipan getur tekið breytingum á grundvelli laga og reglna eða samninga milli ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir að íslenska ríkið sé ekki beinn aðili

7

Alm. Stry

samningsins hefur það réttindi og skyldur á grundvelli hans eins og fram kemur í ákvæðum samningsins.

Leigusamningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og forsætisráðuneytisins og öðlast ekki gildi fyrr en þessir aðilar hafa samþykkt hann og samningnum hefur verið þinglýst á hina leigðu lóð.

Komi til ágreinings vegna leigusamnings þessa sem aðilarnir ná ekki að leysa skal dómsmál rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilarnir undir samning þennan í votta viðurvist og forsætisráðuneytið samþykkir hann fyrir sitt leyti.

Leigutaki ber kostnað af gerð nauðsynlegra uppdrátta vegna samnings þessa, s.s. vegna mæliblaða, kostnað vegna skráningar lóða og þinglýsingar samnings þessa.

Árnesi, 21. Janúar 2022.

F.h. Sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sigrún Karen Heimisdóttir

F.h. Rauðukamba ehf.

Wagdyrri Magnússon Elvason

F.h. forsætisráðuneytis

Vottar að fjárræði, undirskrift og dagsetningu:

Hraun Jónsdóttir, 1402863039

Egfróð Brynjólfsson 151056-2969


Fylgiskjöl:

1. Deiliskipulagsuppdráttur, samþykktur í sveitarstjórn 3. október 2018.
2. Tímaáætlun Rauðukamba ehf., dags. 21. Jan 2022

Fylgiskjal 2 – Tímaáætlun

1. Rauðukambar ehf. hafa lagfært skálann í Hólaskógi að innan og er framkvæmdum að mestu lokið haustið 2021.
2. Rauðukambar áætla að lagfæra svæðið umhverfis skálann árið 2022.
3. Rauðukambar ehf. áætla að hefja vinnu við nýtt deiliskipulag vorið 2022 og að því verði lokið vorið 2023.


Magnús Orri Marínarson Schram (sign)


9

Greiðslukvittun

KEM034

Sjóður nr. 702287

Dagsetning 11.03.2022 14:12:36

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
kt. 680814-0150 sími:458-2800
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

Greiðslukvittun nr: 8100/0000457755

Gjaldandi

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

540602-4410

Eign: F 2517374 Hólaskógur 1
Tegund skjals: LEI Leigusamningur
Þinglýsingarnúmer: **447-A-000955/2022**

Gildisdagur greiðslu 11.03.2022

	Höfuðstóll	Staða fyrir greiðslu	Staða eftir greiðslu	Fjárhæð
ÞS Þinglýsing og stimpilgjöld	Gjaldstofn	0	0	
Stimpilgjald	0	0	0	0
Stimpilsekt	0	0	0	0
Þingl.gjald	2.500	2.500	0	-2.500
Samtals:	2.500	2.500	0	-2.500
		Samtals greitt		-2.500

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er aðila heimilt að fá ákvörðun sýslumanns um stimpilgjald rökstudda. Kæruheimild skv. 11. gr. laga nr. 138/2013, um stimpilgjald: Gjaldanda er heimilt að kæra ákvörðun sýslumanns um stimpilgjald til yfirskattanefndar innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar. Kæran frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

ATH. SKJALIÐ VERÐUR AÐEINS AFHENT GEGN FRAMVÍSUN ÞESSARAR KVITTUNAR

reikn emb 19



Samtals greitt af bankareikningi kr.	Höfuðstóll -2.500	Vextir 0	Kostnaður 0	Innborgun -2.500
--------------------------------------	----------------------	-------------	----------------	---------------------





Skjöl úr þinglýsingu

Hjálagt sendist yður í frumriti skjal/skjöl er barst embættinu til þinglýsingar. Skjalinu hefur verið þinglýst sbr. áritun þar um og verið fært í veðmálabækur embættisins.

Skjalið/skjölin eru auðkennd 2022 A 955

Hvolsvelli, 14 mars 2022


f.h. þinglýsingadeildar



Mótttekið: Skrida og Gmipvenjaleppur
Arnesi
801 Selfoss

